

Nd.

412. Nefndarálit

[158. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Bjargráðafrumvörp ríkisstjórnarinnar á Alþingi því, er nú situr, eru þegar orðin býsna mörg og ærið sundurleit. Þetta síðasta er um sparnað í ríkisrekstri.

Þegar fjárlög voru afgreidd frá Alþingi skömmu fyrir jól, var þingheimi tjáð, að gætt hefði verið ráðdeildar og sparnaðar til hins ýtrasta. Nú, tæpum þrem mánuðum síðar, kemur á daginn, að „spara“ mátti 200 milljónir á fjárlögunum — að dómi ríkisstjórnarinnar sjálfar.

Það virðist vera orðinn fastur liður í stjórnaraðgerðum núverandi ríkisstjórnar að breyta meira og minna einstökum liðum fjárlaga þegar í upphafi fjárlagaárs. Þannig eiga menn nú stöðugt yfir höfði sér, að þær fjárveitingar, sem samþykktar eru á jólaföstu, verði dregnar til baka á útmánuðum.

Þetta er vægast sagt mjög óheppileg þróun. En hún speglar glögglega þá ringulreið og það stjórnleysi, sem í vaxandi mæli auðkennir valdaferil núverandi ríkisstjórnar.

Útþensla ríkisbáknsins hefur aldrei verið hrikalegri en í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það mætti því kalla tíðindi, ef nú væri raunverulega brotið blað og boðuð stefnubreyting í þessum efnum. En áður en því er slegið föstu, að svo sé, mun ráðleggra að athuga „sparnaðar“-frumvarpið nokkru nánar.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins á að „spara“ 138 milljónir króna á 30 liðum fjárlaga. Af þeirri fjárhæð nemur skertur stuðningur við sjávarútveginn 45 milljónum, og mun mörgum sýnast, að hér sé dregið við drýgstu mjólkurkúna til lítilla hagsbóta fyrir búskapinn í heild.

Sumar sparnaðartillögur samkv. 1. gr. virðast næsta lauslega undirbyggðar, svo sem tölul. 5, rekstur skóla, og tölul. 14 og 15, um mat sjávarafurða.

Aðrar sýnast óundirbúnar með öllu, sbr. tölul. 19, löggæzla. En um þann lið segir í athugasemd, að „ákveðin niðurstaða liggur ekki enn fyrir um það, hvernig hagað verði niðurskurði hins almenna löggæzlukostnaðar.“

Undir 25. og 26. tölulið er lagt til að hætta að reikna pósti og síma þóknun fyrir framkvæmd orlofslaga og laga um skyldusparnað. Með því á að „spara“ rúmar 8 milljónir! Sér þó hver maður, að hér er um hreint sýningaratriði að ræða, þar sem póstur og sími er ríkisstofnun, rekin í beinum tengslum við ríkissjóð, og breyting á rekstrarafkomu þeirrar stofnunar kemur þegar í stað fram í afkomu ríkissjóðs.

Í 2. gr. frv. er lagt til að fella niður fjárveitingar til menntaskólanna, 25.6 millj. kr., og til Landspítalans 37 millj. Jafnframt á að heimila ríkisstjórninni að afla lánsfjár til þessara framkvæmda. Er þetta í samræmi við ýmsar fyrri tiltektir stjórnarflokkanna, að ýta sem mestu á undan sér af kostnaði við framkvæmdir ríkisins.

Hliðstæð ákvæði er að finna í 1. gr., t. d. varðandi kostnað við framkvæmd laga um hægru umferð. Þar á að „spara“ 18.4 millj. með því að heimila lántöku.

Í frumvarpinu er lagt til, að fræðslumálaskrifstofan, fjármálaeftirlit skóla og fræðslumyndasafn ríkisins skuli verða deildir í menntamálaráðuneytinu og að íþróttafulltrúi og bókafulltrúi verði starfsmenn sama ráðuneytis. Einnig er lagt til að gerbreyta ákvæðum laga um námsstjóra. Að dómi 1. minni hluta fjárhagsnefndar er hér fjallað um þýðingarmikla þætti menntamála þjóðarinnar á gersamlega ótilhlýðilegan hátt.

Fræðslumálaskrifstofan er t. d. gömul og gróin stofnun. Í viðkomandi löggjöf er fjallað um mörg veigamikil framkvæmdaatriði fræðslumálanna. Hér er lagt til að fella að fullu úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, án þess að nokkuð komi í staðinn — nema ákvæðið um, að Fræðslumálaskrifstofan skuli vera deild í menntamálaráðuneytinu.

Vel má vera, að full þörf sé á því að endurskoða og breyta tilhögun yfirstjórnar fræðslumála. En þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, taka engu tali. Þessi atriði í sparnaðarbálki ríkisstj. ber að leggja fyrir Alþingi í sérstöku frv., sem síðan yrði fjallað um í menntamálanefndum beggja þingdeilda, svo sem þingsköp mæla fyrir.

Sparnaðarviðleitni ríkisstjórnarinnar, eins og hún kemur fram í frv. þessu, orkar ekki miklu. Raunverulegur sparnaður í ríkisrekstrinum nemur aðeins litlum hluta af þeirri fjárhæð, sem frv. fjallar um. Að meginhluta er um að ræða annars vegar lántökur, er komi í stað beinna fjárveitinga, og hins vegar skertan stuðning við undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, auk þess sem breytt er tölum í útgjaldaáætlun, án þess að raunhæfur undirbúningur hins meinta sparnaðar hafi farið fram.

1. minni hl. fjárhagsnefndar vill þó ekki beita sér gegn samþykkt frv., en leggur fram nokkrar brtt. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. marz 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
frsm.

Magnús H. Gíslason.